



## **Ferðapjónustan á jaðarsvæðinu Seyðisfirði**

Upplifun heimamanna á áhrifum ferðapjónustunnar á samfélagið

Vilhjálmur Sveinn Magnússon



**Líf- og umhverfisvísindadeild  
Háskóli Íslands  
2017**



# **Ferðapjónustan á jaðarsvæðinu Seyðisfirði**

Upplifun heimamanna á áhrifum ferðapjónustunnar á samfélagið

Vilhjálmur Sveinn Magnússon

10 eininga ritgerð sem er hluti af  
*Baccalaureus Scientiarum* gráðu í Ferðamálafræði

Leiðbeinandi  
Íris Hrund Halldórsdóttir

Líf- og umhverfisvísindadeild  
Verkfræði- og náttúruvísindasvið  
Háskóli Íslands  
Reykjavík, september 2017

Ferðaþjónusta á jaðarsvæðinu Seyðisfirði

Upplifun heimamanna á áhrifum ferðaþjónustunnar á samfélagið

10 eininga ritgerð sem er hluti af *Baccalaureus Scientiarum* gráðu í Ferðamálafræði

Höfundarréttur © 2017 Vilhjálmur Sveinn Magnússon

Öll réttindi áskilin

Líf- og umhverfisvísindadeild

Verkfræði- og náttúruvísindasvið

Háskóli Íslands

Sæmundargata 2

101 Reykjavík

Sími: 525 4000

Skráningarupplýsingar:

Vilhjálmur Sveinn Magnússon, 2017, Ferðaþjónusta á jaðarsvæðinu Seyðisfirði, BS ritgerð, Líf- og umhverfisvísindadeild, Háskóli Íslands, bls.39

Prentun: Háskólaprent

Reykjavík, september 2017

# Útdráttur

Undanfarin ár hefur orðið breyting á ferðaháttum ferðamanna. Stöðugt fleiri ferðamenn sækja í að heimsækja jaðarsvæði sem eru skilgreind á marga vegu en huglægt mat einstaklings og landfræðileg staðsetning eru þær skilgreiningar sem oftast er talað um. Ferðaþjónusta á jaðarsvæðum getur verið mikilvæg og virkar oft sem björg fyrir svæði sem hafa lagt sinn helsta atvinnuveg niður. Seyðisfjörður telst sem jaðarsvæði vegna landfræðilegrar staðsetningar, samgangna, árstíðabundinnar ferðaþjónustu og veðurfars. Ferðaþjónustan hefur einnig mikil áhrif á heimamenn sem mikilvægt er að hvetja til þátttöku og séu jákvæðir í garð hennar því þeir eru yfirleitt undirstaða þess að ferðaþjónusta þrífst á svæðinu. Meginmarkmið með rannsókninni er að kanna mikilvægi ferðaþjónustunnar fyrir jaðarsvæðið Seyðisfjörð ásamt því að kanna hver sé upplifun heimamanna á áhrifum ferðaþjónustunnar á samfélagið. Í rannsókninni voru tekin sex viðtöl við heimamenn Seyðisfjarðar sem þekktu til ferðaþjónustunnar og samfélagsins á svæðinu.

Niðurstaða rannsóknarinnar gaf til kynna að ferðaþjónustan er mikilvæg fyrir samfélagið. Hún skapar mikla atvinnu, tækifæri, aukna þjónustu og líflegt umhverfi fyrir heimamenn. Heimamenn eru að mestu jákvæðir í garð hennar og bjóða ferðamenn velkomna. Með auknum straumi ferðamanna í bæinn á undanförunum árum má þó sjá að hluti heimamanna er orðinn pirraður út í ferðamenn þar sem þeir fara inn á einkarými heimamanna, valda álagi á þjónustu og skilja eftir sig úrgang á óæskilegum stöðum.

# Abstract

In the recent years there has been a change in tourism demands of destinations. Increasingly more tourists look to visit peripheral areas which are defined in many ways but the subjective opinion and geographical location are the definitions most commonly spoken of. Tourism in peripheral areas can be important and has worked as a way out of unemployment for the peripheral areas when other industry in the area has stopped. Seyðisfjörður is defined as peripheral area due to its geographical location, transportation, seasonal tourism in the area and weather conditions. The tourism industry also has a major impact on local residents. It is important to ensure that residents are involved and are positive towards the tourism in the area because they are usually the key factor that the tourism in the area works. The purpose of this research was to analyze the impact the tourism has on Seyðisfjörður and as well to find out locals' attitude towards the tourism in the area. Six interviews were taken with participants who are residents in Seyðisfjörður, they all had good knowledge of the tourism and society in the area.

The conclusion of the research indicated that the tourism in the area is important to the society. It creates employment, opportunities, increases service and makes a lively environment for the locals. Residents in Seyðisfjörður are mostly positive towards the tourism in the area. However, with increased tourists in the town in recent years part of the locals have been showing negative attitude towards the tourism in the area as they enter the private space of the locals, cause extra burdens on the service and leave unwanted waste in places.

# Efnisyfirlit

<b>Myndir</b> .....	<b>vi</b>
<b>Töflur</b> .....	<b>vii</b>
<b>Þakkir</b> .....	<b>ix</b>
<b>1 Inngangur</b> .....	<b>1</b>
<b>2 Kaupstaðurinn Seyðisfjörður</b> .....	<b>3</b>
2.1 Saga og byggðarþróun .....	3
2.2 Ferðaþjónustan í bænum .....	4
2.3 Sambandið við umheiminn .....	6
<b>3 Fræðilegur hluti</b> .....	<b>9</b>
3.1 Jaðarsvæði .....	9
3.1.1 Aðgengi jaðarsvæða .....	10
3.1.2 Ferðaþjónusta á jaðarsvæðum .....	11
3.2 Viðhorf heimamanna til ferðaþjónustu .....	12
3.2.1 Áreitiskvarði George Doxey .....	13
3.2.2 Lífsferilslíkan Richard Butlers .....	14
3.2.3 Áhrif ferðaþjónustu á heimamenn .....	16
<b>4 Aðferðafræði</b> .....	<b>19</b>
4.1 Gagnasöfnun .....	19
4.2 Val á viðmælendum .....	20
4.3 Úrvinnsla gagna .....	21
<b>5 Niðurstöður</b> .....	<b>23</b>
5.1 Aðdráttarafl bæjarins .....	23
5.2 Samskipti heima- og ferðamanna .....	24
5.3 Upplifun heimamanna .....	26
5.4 Mikilvægi ferðaþjónustunnar .....	27
5.5 Framtíðarsýn og tækifæri .....	28
<b>6 Umræður og lokaorð</b> .....	<b>31</b>
<b>Heimildaskrá</b> .....	<b>35</b>

# Myndir

Mynd 1. Lífsferilslíkan Butlers .....	15
---------------------------------------	----



# Töflur

Tafla 1. Viðmælendur rannsóknar eftir stafrófsröð .....	21
---	----



# **Þakkir**

Þakkir fá viðmælendur fyrir að gefa sér tíma og taka vel í viðtölin. Einnig vil ég þakka fjölskyldu minni fyrir hjálpina og yfirlestur og að lokum vil ég þakka leiðbeinanda mínum, Írisi Hrund Halldórsdóttur, fyrir góða leiðsögn við rannsóknina.



# 1 Inngangur

Ferðahættir ferðamanna hafa breyst mikið undanfarin ár og stöðugt fleiri ferðamenn leita að öðruvísi upplifunum innan ferðaþjónustunnar. Ferðaþjónustan á jaðarsvæðum er mikilvæg fyrir samfélagið þar sem hún eykur atvinnu, tækifæri, þjónustu og myndar líflegt umhverfi fyrir heimamenn. Samkvæmt skilgreiningum á jaðarsvæði telst Seyðisfjörður sem slíkt vegna landfræðilegrar staðsetningar bæjarins, veðurfars, árstíðabundinnar ferðaþjónustu, samgangna og staðsetningar frá næsta kjarna. Á seinustu árum hafa atvinnuvegir Seyðfirðinga breyst mikið þar sem sjávarútvegur og fiskvinnsla hefur minnkað. Ferðaþjónustan hefur því verið ákveðin björg fyrir samfélagið vegna atvinnu og tækifæra sem hún býður upp á. Fræðimenn hafa bent á það að ein undirstaða ferðaþjónustunnar sé viðhorf heimamanna gagnvart henni. Vegna mikils ágangs ferðamanna á jaðarsvæði undanfarin ár er því mikilvægara núna en áður að huga að þátttöku og jákvæðum viðhorfum heimamanna í garð ferðaþjónustunnar.

Meginmarkmið með rannsókninni er að kanna mikilvægi ferðaþjónustunnar fyrir jaðarsvæðið Seyðisfjörð ásamt því að kanna hver sé upplifun heimamanna á áhrifum ferðaþjónustunnar á samfélagið. Því var lagt upp með rannsóknarspurningarnar: Hver eru áhrif ferðamennsku á jaðarsvæði og hvernig upplifa íbúar á Seyðisfirði uppgang ferðaþjónustunnar á staðnum?

Gagnaöflun ritgerðar fór fram 2. til 10. júní, 2017 á Seyðisfirði þar sem sex viðtöl voru tekin við heimamenn sem þekktu til ferðaþjónustunnar og samfélagsins á svæðinu.

Niðurstöður rannsóknarinnar nýtast fyrst og fremst fyrir ferðaþjónustuna á Seyðisfirði til að sjá hvaða áhrif hún hefur, hvar hún stendur og hverju þurfi að fylgjast vel með. Ásamt því nýtast niðurstöðurnar vel fyrir aðra sambærilega bæi þó svo að Seyðisfjörður skapi sér sérstöðu hvað Norrænu og skemmtiferðaskip varðar.

Í upphafi er fjallað um Seyðisfjörð, sögu, byggðarþróun, staðsetningu, ferðaþjónustu og samband bæjarins við umheiminn. Þar á eftir er fjallað ítarlega um fræðilegan hluta verkefnisins þar sem gerð eru skil á einkennum jaðarsvæða; aðgengi og ferðaþjónustu. Einnig er fjallað um viðhorf heimamanna til ferðaþjónustunnar þar sem fjallað er um áreitiskvarða Doxey, lífsferilslíkan Butlers og áhrif ferðaþjónustunnar á heimamenn. Þar næst er aðferðafræði rannsóknarinnar gerð skil og farið yfir það sem notað var í rannsókn,

gögnin, val á viðmælendum og kynningu á þeim og úrvinnslu gagnanna. Að lokum eru niðurstöður rannsóknarinnar kynntar eftir þeim sem greind voru við úrvinnslu viðtalanna.

## 2 Kaupstaðurinn Seyðisfjörður

Seyðisfjarðarkaupstaður er merkilegur bær vegna smæðar og staðsetningar sinnar í botni samnefnds fjarðar á Austurlandi og hefur upp á margt að bjóða. Bærinn hefur að geyma einstaka sögu, mikið menningarlíf og hefur sína sérstöðu með því að vera bílagátt inn í landið með tilkomu Norrænu (Kristján Róbertsson, 1995). Aðkoman í bæinn er bæði einstök og eftirminnileg og hefur gert það að verkum að samgöngur til og frá bænum hafa oft verið erfiðar eftir árstíðum og hefur það sett sinn svip á bæinn. Vegna aðkomu Norrænu hefur ávallt verið stutt í ferðamenskuna og gegnum árin hafa því skapast sterk tengsl á Seyðisfirði við þá atvinnugrein. Undanfarin ár hefur skapast sú umræða að færa eigi Norrænu frá Seyðisfirði til Fjarðarbyggðar. Ljóst er að ef af því verður mun það hafa mikil áhrif á ferðaþjónustuna og atvinnulífið í bænum, enda hefur Norræna lengi verið þungamiðjan í því.

### 2.1 Saga og byggðarþróun

Staðsetning bæjarins er einstök og er stór hluti af upplifuninni við komu til bæjarins, hvort sem maður kemur þangað land- eða sjóleiðina í bæinn. Eins og nefnt er hér að ofan þá er Seyðisfjörður staðsettur á Austurlandi, með næsta kjarna handan Fjarðarheiðarinnar á Egilsstöðum (Kristján Róbertsson, 1995).

Í sögu bæjarins kemur staðsetning mikið við og er óhætt að segja að staðsetningin hafi mótað sögu bæjarins mikið en hún er að mörgu leyti merkileg. Í Seyðisfjarðarflóa, þar sem Seyðisfjörður liggur, er einnig að finna fjörð sem nefnist Loðmundarfjörður sem er að ýmsan hátt líkur Seyðisfirði og hafa þessir tveir firðir oft verið kallaðir tvíburabræður. Loðmundarfjörður er að mörgu leyti mun merkilegri en Seyðisfjörður en þar er undirlendið grösugra og hann því hentugri til landbúnaðar ásamt því að vera mun merkilegri frá jarðfræðilegu sjónarmiði. Í Loðmundarfirði er einnig að finna athyglisverða steingervinga, Perlusteinn hefur fundist þar í miklu magni og fjörðurinn býr yfir miklum náttúruperlum. Af þeim sökum hafa ferðamenn í sívaxandi mæli laðast að þeim firði. En það verður ekki tekið af Seyðisfirði að sá fjörður býr einnig yfir mikilli fegurð og hefur margt fram yfir Loðmundarfjörðinn. Einna helst er það sú staðreynd að á Seyðisfirði myndaðist

kaupstaður, með iðandi mannlífi á síðustu öld, sem enn er að finna í dag þó svo að sveiflur kaupstaðarins hafi oft verið miklar ef horft er á veraldargengi og mannlíf kaupstaðarins. Tilurð Seyðisfjarðarkaupstaðar er fyrst og fremst að þakka einum bestu hafnarskilyrðum sem finna má hér á landi en það skipti sköpum fyrir myndun kaupstaða á þessum tíma (Kristján Róbertsson, 1995).

Fyrr á tímum var aðal atvinnuvegur Seyðfirðinga sjávarútvegur og er hann enn stór atvinnugrein í bænum þar sem margir íbúar hafa atvinnu tengda honum. Á síðustu árum hafa þó orðið miklar breytingar á helstu atvinnuvegum í bænum og aðrar atvinnugreinar orðið mikilvægari fyrir samfélagið. Ein þessara atvinnugreina er ferðaþjónustan sem hefur vaxið hratt undanfarin ár, þó alltaf hafi verið fremur stutt í hana eftir komu ferjunnar Norrænu í fjörðinn (Kristján Róbertsson, 1995). Þó líklegt sé að stærstur hluti heimamanna vinni við ferðaþjónustu í bænum og þá sérstaklega yfir sumarið er erfitt að segja nákvæmlega um það þar sem ekki hefur verið gerð sérstaklega grein fyrir atvinnuþróun í bænum. Miklar breytingar hafa orðið á atvinnuþróun í bænum undanfarin ár en íbúafjöldi hefur haldist nánast óbreyttur frá árinu 2011 og er í dag um 650 manns (Hagstofa Íslands, 2017a). Bærinn hefur þó ekki alltaf verið svo fámennur því árið 1900 voru íbúar bæjarins 1086 sem er mesti fjöldi íbúa sem hefur búið í bænum en árið 1990 fór bæjarbúum að fækka (Hagstofa Íslands, 2017b).

## 2.2 Ferðaþjónustan í bænum

Ferðaþjónustan hefur vaxið mikið undanfarin ár á Seyðisfirði og fjölgar ferðamönnum sem heimsækja „fjörðinn fagra“ eins og heimamenn eru þekktir fyrir að kalla hann. Bærinn býr yfir miklum möguleikum og hefur upp á ýmislegt að bjóða. Þar má meðal annars nefna mikið úrval til afþreyingar svo sem útivist, fjölbreytta veitinga- og gistiþjónustu, kayak ferðir yfir sumartímann, sundlaug með heitum pottum og saunu, safn og menningarmiðstöð (Seyðisfjarðarkaupstaður, 2017a). Einnig er að finna skíðasvæði í Stafdal sem er í 10 mínútna akstursfjarlægð frá bænum ásamt litlum nýu hola golfvelli (Seyðisfjarðarkaupstaður, 2017b).

Ferðaþjónustan í bænum er mjög árstíðabundin þar sem flestir ferðamenn sækja staðinn heim á sumrin en það hefur þó breyst nokkuð og nú sækja ávallt fleiri ferðamenn staðinn yfir vetrartímann. Á veturna stendur ferðamönnum margt til boða og ættu allir að



finna eitthvað við sitt hæfi, rétt eins og á sumrin (Seyðisfjarðarkaupstaður, 2017a). Meðal annars er hægt að stunda útivist í fallegu umhverfi ásamt því að skíðasvæðið býður upp á skíðabrekkur við allra hæfi (Seyðisfjarðarkaupstaður, 2017c). Aðkoma Norrænu í bæinn hefur gert heimamönnum kleift að byggja upp ferðaþjónustu á svæðinu þar sem henni fylgir stöðugur straumur ferðamanna sem hyggjast ferðast með Norrænu til og frá landinu bæði á sumrin og veturna.

Í bænum er mikið framboð á gistingu fyrir ferðamenn. Þar má finna tjaldsvæði sem er staðsett í hjarta bæjarins og ferðamenn geta nýtt sér frá byrjun maí til septemberloka. Tjaldsvæðið býður upp á það helsta fyrir ferðamenn svo sem sturtu-, salernis- og eldunaraðstöðu ásamt aðstöðu fyrir húsbíla. Tölur sem teknar voru saman um gesti á tjaldsvæðinu sýna að mikil aukning hefur orðið þar á gestakomu. Dagný Erla Ómarsdóttir (munnleg heimild, 6. júní, 2017). Þær sýna að árið 2013 voru skráðir 5.820 ferðamenn á tjaldsvæðið, árið 2014 voru skráðir 6.618 ferðamenn, 2015 voru skráðir 7.183 ferðamenn og loks árið 2016 voru skráðir 12.168 ferðamenn. Á þessum tölum má sjá að aðsókn í tjaldsvæði bæjarins hefur meira en tvöfaldast á seinustu þremur árum. Auk tjaldsvæðisins er hægt að velja um margs konar gistingu. Í bænum er að finna gistiheimili, farfuglaheimili, leiguíbúðir og sumarhús. Ásamt þessum gistimöguleikum er eitt hótél starfrækt í bænum sem kallast Hótél Aldan. Því ættu allir sem sækja bæinn heim að geta fundið gistingu við hæfi (Visitseyðisfjörður, 2017a).

Á Seyðisfirði er að finna tækniminjasafn Austurlands sem er vel sótt af ferðamönnum. Á safninu er hægt að fræðast um tæknivæðingu landsins frá því um 1800 til dagsins í dag. Þar er hægt að skoða muni, myndir, minjar og hús frá fyrri tímum en einnig óvenjulegar vélar og búnað sem eru til sýnis á safninu. Á safninu eru einnig haldin námskeið og sýningar auk þess sem bæði er stunduð þar kennsla og rannsóknir. Safnið hefur tekið þátt í margvíslegum samstarfsverkefnum og menningarstarfi ásamt því að gegna hlutverki byggðasafns Seyðfirðinga (Visitseyðisfjörður, 2017b).

Myndlistarmiðstöð Austurlands sem nefnist Skaftfell er einnig staðsett á Seyðisfirði. Starfsemi Skaftfells er fyrst og fremst helguð myndlist þar sem öflugt sýningarhald, gestavinnustofa fyrir listamenn og myndlistarbókasafn er að finna. Helstu áherslur Skaftfells feljast í samtímalist, að vera tengiliður milli leikinna og lærðra og einnig er þar fjölþætt fræðslustarf (Seyðisfjarðarkaupstaður, 2017d). Samkvæmt forstöðumanni Skaftfells, Tinna Guðmundsdóttur, er myndlistarmiðstöðin mjög vel sótt af ferðamönnum á svæðinu. Tinna Guðmundsdóttir, (munnleg heimild, 8. júní, 2017).

Mikið er um hátíðir í bænum sem heimamenn líkt og ferðamenn taka þátt í, þó mismikið eftir því hverjar þær eru. Hátíðir á borð við Hýr Halarófa, List í ljósi, Tónleikaröðin Bláa kirkjan, Hverfahátíðin, Haustroði og Smiðjuhátíð Tækniminjasafnsins eru hátíðir sem bæði heimamönnum og ferðamönnum býðst að taka þátt í (Visitseyðisfjörður, 2017c). Þó er ein hátíð sem flestir ferðamenn sækja og er þekktust meðal landsmanna. Það er listahátíð ungs fólks, Lunga. Hún er haldin um miðjan júlí ár hvert og koma hundruðir manna í bæinn og sækja hátíðina heim og til að taka þátt í hátíðarhöldunum. Hátíðin er blanda af listum, sköpun, tjáningu og náttúru þar sem markmið hátíðarinnar er að efla áhuga ungs fólks á listum og menningu (Visitseyðisfjörður, 2017d).

Í bænum er einnig að finna mikla þjónustu sem ferðamenn geta nýtt sér. Þar á meðal eru þrír veitingastaðir, kaffihús, bensínstöð og kjörbúð ásamt nokkrum verslunum sem þjónusta ferðamenn ýmist allt árið eða aðeins yfir sumartímann (Visitseyðisfjörður, 2017e).

## 2.3 Sambandið við umheiminn

Seyðisfjörður hefur ávallt verið mjög einangraður bær frá náttúrunnar hendi. Bærinn er umvafinn fjöllum á þrjá vegu með úthaf til einnar áttar og ávallt hefur þótt erfitt að komast til bæjarins, hvort sem það var land- eða sjó leiðina. Á seinni hluta 19. aldar var farið í það verk að velja aksturleið milli Héraðs og Seyðisfjarðar. Ákveðið var að velja leiðina yfir Vestdalsheiði sem þótti á þeim tíma besti kosturinn. Þó svo að vegurinn þætti hinn besti kostur til að ferðast til og frá bænum landleiðina jókst umferð um hina veglausu Fjarðarheiði mikið. Stuttu seinna var því farið í það verkefni að leggja fram tíðarveg milli Seyðisfjarðar og Héraðs yfir Fjarðarheiði. Í dag liggur helsta landleiðin til og frá bænum um þennan veg yfir Fjarðarheiði, þó vegurinn sé mikið endurbættur. Fyrir kemur að Fjarðarheiðin verði ófær vegna veðurs en í dag er horft á það sem lítið vandamál miðað við þá erfiðleika sem Seyðfirðingar bjuggu við fyrr á tímum (Kristján Róbertsson, 1995).

Mikil umræða hefur skapast um þau jarðgöng sem eiga að gegna því hlutverki að tengja Seyðisfjörð við nágrannabyggðirnar. Þessi jarðgöng myndu þýða mikið fyrir bæinn og gera það að verkum að hægt yrði að aka fáeinar mínútur um jarðgöng frá bænum til næstu byggðar. Lengi hefur þessi draumur verið í hugum manna en hvenær hann rætist verður tíminn að leiða í ljós (Kristján Róbertsson, 1995).

Eins og fyrr segir er Seyðisfjörður einnig búinn þeim eiginleikum að hafa áætlunarferðir tengda farþegaflutningum á sjó. Vegna þeirra eiginleika og góðra hafnarskilyrða komust Seyðfirðingar fyrr í betra samband við önnur lönd en flest aðrir landshlutar og hefur það haft mikil áhrif á bæinn því segja má að ákveðinn alþjóðabragur sé á honum. Á síðari árum hefur samband Seyðfirðinga við umheiminn aukist enn meira með tilkomu Norrænu árið 1975. Með þeirri ferju eru áætlunarferðir milli meginlands Evrópu og Seyðisfjarðar. Áhrif Norrænu á bæinn eru mikil og á ári hverju streyma þúsundir ferðamanna um kaupstaðinn sem gefur bænum nokkra sérstöðu og tækifæri ásamt því að hafa átt sinn þátt í að laða innlenda ferðamenn að bænum (Kristján Róbertsson, 1995).

Það er þó ekki aðeins Norræna sem hefur aðkomu á Seyðisfirði heldur koma þangað mörg skemmtiferðaskip árlega. Koma þeirra hefur myndað aukin tækifæri fyrir heimamenn og ferðaþjónustuna í bænum og leitt til aukins mannlífs. Mikil fjölgun hefur verið í komum skemmtiferðaskipa í bæinn undanfarin ár. Árið 2007 voru aðeins átta skemmtiferðaskip skráð í höfn en fyrir árið 2015 voru skráð 25 skip og 32 skip fyrir árið 2016. Með skipunum fylgir mikill fjöldi ferðamanna sem heimamenn hafa misgóðar skoðanir á (Seyðisfjordurport, 2017).

Með þessum endurbótum á vegum og auknum möguleikum á sjó má segja að Seyðisfjörður sé í góðu vega- og sjósambandi við umheiminn og áðurnefnd einangrun hans að mestu leyti rofin (Kristján Róbertsson, 1995).

Samkvæmt Vegagerðinni (á.á) þá eru 679 km milli Reykjavíkur og Seyðisfjarðar og bærinn því ekki í alfaraleið frá Reykjavík. Á Seyðisfirði hófust flugsamgöngur árið 1929 og voru áætlunarferðir þangað frá Reykjavík um stutt skeið áður en þær lögðust niður með tilkomu flugvallarins á Egilstöðum (Kristján Róbertsson, 1995). Flugvöllurinn á Egilsstöðum er vel nýttur af bæði heima- og ferðamönnum sem gerir þeim kleift að ferðast til og frá Austurlandi án þess að þurfa að ferðast um akandi milli þessara tveggja landshluta.



## 3 Fræðilegur hluti

Ferðapjónusta á jaðarsvæðum hefur notið aukinna vinsælda á seinustu árum þar sem ferðamenn eru ávallt að leita að framandi áfangastöðum og nýjum upplifunum. Aukin aðsókn ferðamanna á þessi svæði hefur leitt til þess að atvinnuhættir manna og tækifæri þeirra breytast. Viðhorf heimamanna getur skipt miklu máli varðandi ferðapjónustu á svona svæðum og þau geta þróast í það að hafa neikvæð áhrif á ferðapjónustuna á svæðinu. Í þessum kafla er gerð grein fyrir jaðarsvæði, skilgreiningu og aðdráttarafli þess, ásamt því sem fjallað er um áhrif ferðapjónustunnar á heimamenn, búsetta á Seyðisfirði.

### 3.1 Jaðarsvæði

Margar skilgreiningar eru til yfir jaðarsvæði (e. *peripheral areas*) og eiga margar þeirra margt sameiginlegt en með mismunandi áhersluatriðum. Algengasta skilgreiningin á jaðarsvæðum er sú að skilgreina beri svæðið eftir fjarlægð frá kjarna þess þar sem áherslan er lögð á huglægt mat einstaklingsins á jaðarsvæði eða þá út frá ákveðnum landfræðilegum skilningi af fjarlægð svæðisins frá kjarna (Nash og Martin, 2003). Prideaux (2002) bendir hins vegar á að erfitt geti verið að skilgreina jaðarsvæði út frá huglægu mati hvers og eins enda byggir þetta huglæga mat á mörgum þáttum svo sem hugmyndum um rými, samgöngur og fjarlægð staðarins frá kjarna. Hann skilgreinir jaðarsvæði út frá nokkrum þáttum. Þessir þættir samanstanda af aðgengi að jaðrinum, fjarlægð jaðarins frá kjarnanum ásamt áliti og skynjun gesta á svæðinu. Jafnframt taldi hann að jaðarsvæði einkenndust oft af nálægð og sambandi sínu við kjarnann (e. *core-periphery relationship*) og því fjárhagslega tap, sem jaðarsvæði verður fyrir í samskiptum við hann. Þetta fjárhagslega tap útskýra Nash og Martin (2003) og segja að jaðarsvæðin treysti oft mikið á kjarnann sem verður til þess að í kjarnanum fer oft fram allt í tengslum við stjórnun og ákvörðunartöku. Þetta leiðir oft til þess að jaðarsvæðið gleymist og það kemur niður á þjónustu og innviðum á svæðinu og getur leitt til fólksfækkunar.

Einn af þeim einkennandi hlutum sem Hall (2005) sagði einkenna jaðarsvæði voru fólksflutningar frá jaðarsvæðum yfir á kjarnasvæði. Hann taldi margar ástæður vera fyrir

Þessum flutningum en þær helstu væru þær að íbúar jaðarsvæða leituðu eftir betri lífsskilyrðum og menntun sem jaðarsvæði gætu ekki boðið þeim upp á. Hall nefnir einnig að þessir flutningar séu dýrkeyptir fyrir jaðarsamfélagið þar sem einstaklingarnir sem flytja yfirleitt í burtu eru ungir og efnilegir íbúar. Það leiðir til þess að aldursmeðaltal íbúa á jaðarsvæði er yfirleitt hærra en í kjarna. Flutningar sem þessir geta því verið mjög dýrkeyptir fyrir samfélag jaðarsvæða.

Að lokum telja Wanhill og Buhalis (1999) jaðarsvæði oft eiga það sameiginlegt að einkennast af ákveðnum atvinnuvegum. Þessir atvinnuvegir eru oftast fiskvinnsla, landbúnaður og framleiðsla sem hafði á einhverjum tímapunkti verið undirstaða atvinnulífsins á svæðinu. Á mörgum jaðarsvæðum í dag hafa þessar atvinnugreinar lagst af sem veldur því að mikið atvinnuleysi hefur myndast á staðnum. Því hafa mörg jaðarsvæði snúið sér að ferðapjónustu sem hægt er að horfa á sem ákveðna björg fyrir samfélagið.

### **3.1.1 Aðgengi jaðarsvæða**

Flestar skilgreiningar á jaðarsvæðum snúa að fjarlægð frá kjarna eða landfræðilegri staðsetningu út frá ákveðnum kjarna (Nash og Martin, 2003). Staðsetning er því mikilvæg þegar skilgreina á jaðarsvæði. Nash og Martin (2003) töluðu um að helsta vandamál jaðarsvæða gæti einnig verið þeirra helsta aðdráttarafl. Staðsetning er oft þeirra helsta aðdráttarafl og svæði langt í burtu frá þéttbýli og kjörnum. Þetta aðdráttarafl gæti einnig verið þeirra veikleiki þar sem ferðamenn huga oftast fyrst að því hvernig þeir geti komist á svæðið. Ef það reynist erfitt og kostnaðarsamt þá eru ferðamenn ólíklegri til að ferðast á það svæði og því koma þangað fáir.

Nash og Martin (2003) benda einnig á það mikilvægi að samgöngur til og frá svæðinu séu góðar því án þeirra eigi ferðamenn erfitt með að sækja staðinn heim. Þeir geta ekki heimsótt staðinn ef aðgengi heftir ferðamöguleika inn á svæðið. Hall (2005) bendir þó á að gott aðgengi að staðnum sé ekki alltaf af því góða. Með stöðugra aðgengi svo sem með bættum samgöngum til og frá svæðinu eykur það líkurnar á því að fleiri samkeppnisaðilar komi inn á svæðið og þá verður samkeppnin meiri og mögulega erfiðari. Þessir samkeppnisaðilar sem koma inn á svæðið búa oft yfir stærra tengslaneti og meiri samböndum á markaði sem gerir það að verkum að núverandi aðilar á svæðinu hætta rekstri því erfitt getur verið að keppa við þessa nýju aðila.

Enn fremur benda Nash og Martin (2003) á það að innviðir á jaðarsvæðum séu oft

takmarkaðir og eigi undir högg að sækja. Með betra aðgengi ferðamanna á svæðið myndi það auka álag á innviðina og þeir gætu ekki staðið undir slíku álagi.

### **3.1.2 Ferðapjónusta á jaðarsvæðum**

Sem fyrr segir hefur eitt helsta einkenni jaðarsvæða verið það að ákveðin atvinnugrein hefur lagst þar niður eða þá dregist saman með tilheyrandi atvinnuleysi. Því er ferðapjónustan oft notuð sem ákveðin björg. Jafnframt er sagt að það sem helst einkenni þessi svæði sé oft það að lítið sem ekkert hafi verið rannsakað þar, fáir aðilar á svæðinu séu menntaðir í ferðapjónustu. Einnig er nefnt að fáir frumkvöðlar séu á svæðinu þannig að ferðapjónustan þar getur staðnað að ákveðnu leyti en þá er þeir möguleikar ekki nýttir sem breytingar á ferðapjónustunni getur boðið upp á. Auk þessara atriða skortir oft stefnu hjá því opinbera og framtíðarmarkmið fyrir ferðapjónustuna á svæðinu (Wanhill og Buhalis, 1999).

Popescu (2014) talar um að hvert jaðarsvæði búi yfir eiginleikum sem getur leitt til betra samfélags. Þar getur ferðapjónustan stuðlað að svæðisbundinni þróun, hvort sem þeir eiginleikar eru innviðir á svæðinu, vinnuafli eða fjárfestingar. Popescu talar einnig um að nánast öll jaðarsvæði hafi sína sérstöðu og því sé hægt að nota það til að opna markað fyrir ferðapjónustu á svæðinu. Þessi sérstaða getur til að mynda verið staðbundin vara, náttúra, gömul hús eða menning á svæðinu.

Jaðarsvæði búa oft yfir eiginleikum sem ferðamenn sækja stöðugt meira í. Þessir eiginleikar geta verið náttúrufegurð, jaðarsamfélagið og kyrrðin sem þar getur. Því ættu mörg jaðarsvæði að búa yfir miklu aðdráttarafli, sem draga að ferðamenn og hægt væri að byggja upp ferðapjónustu þar (Mckercher og Fu (2006).

Á síðustu árum hafa ferðavenjur ferðamanna breyst til muna. Nú til dags leita ferðamenn mun meira inn á jaðarsvæði, í leit að nýrri og öðruvísi upplifun. Ferðamenn sækjast sífellt meira í öðruvísi upplifun og á framandi áfangastaði og að fá að taka þátt í margs konar afþreyingu á ferðalögum sínum. Það er því talið að ferðamennirnir sjálfir hafa breytt þessum svæðum vegna breytingar á ferðamynstri þeirra (Genc, 2010). Nash og Martin (2003) benda á að þessi þróun hafi gert það að verkum að stöðugt fleiri minni einkarekin fyrirtæki geti hafið rekstur á jaðarsvæðum.

Müller og Jansson (2002) fjalla um að það sem stöðvi jaðarsvæði í að verða að stað þar sem fjöldaferðamennska þrífst sé aðgengið, íbúafjöldi og umhverfisþættir þessara svæða. Þó svo að ásókn ferðamanna hafi aukist mikið á jaðarsvæði undanfarin ár þá er

mikilvægt að muna að, jaðarsvæði líkt og flest önnur svæði, búa við vandamál sem ávallt er verið að reyna finna lausn á. Ein af þessum áskorunum er árstíðabundin ferðamennska sem getur haft neikvæð áhrif á gæði þjónustu á svæðinu (McKercher og Fu, 2006). Baum og Hagen (1999) fjalla um nokkrar leiðir til að minnka þennan sveiflukennða árstíðarmun sem myndast oft í ferðamennsku á jaðarsvæðum. Þeir leggja fyrst og fremst áherslu á mikilvægi markaðssetningu jaðarsvæða sem geti leitt til fjölgunnar ferðamanna á láganna tíma. Þeir benda einnig á að opna eigi samfélagið meira fyrir ferðamönnum svo sem með hátíðum innan bæjarins. Þessar leiðir geti ýtt undir það að svæðið sé líklegra til að geta veitt heilsárs- þjónustu og þar með betri gæði.

Edward og Gunnar (2013) taka í sama streng hvað varðar árstíðasveiflur á jaðarsvæðum. Þeir segja að það mætti kalla alla landsbyggðina á Íslandi jaðarsvæði, þar sem flest öll svæði á landsbyggðinni falla undir skilgreiningu jaðarsvæða. Þeir benda hinsvegar á að erfitt geti verið fyrir heimafólk að stjórna og þróa ferðaþjónustuna á svæðinu. Einnig benda þeir á að heimamenn hafi takmarkaðan möguleika á að markaðssetja svæðið þar sem jaðarsvæði hafa yfirleitt minni aðgang að þjónustu og innviðum og valdi það áskorunum um hvernig eigi að standa að ferðaþjónustunni á svæðinu.

## 3.2 Viðhorf heimamanna til ferðaþjónustu

Viðhorf heimamanna (e. *residents*) hefur mikið verið rannsakað undanfarin ár og hafa margir fræðimenn fjallað um það að án stuðnings þeirra þá gæti ferðaþjónusta ekki vaxið og dafnað eðlilega. Því er mikilvægt að rannsaka þessi áhrif áður en aukin þróun í ferðaþjónustu hefst á staðnum því heimamenn hafa yfirleitt lokaorðið um hvort ferðaþjónustan er viðunandi á svæðinu eða ekki (Andereck & Vogt, 2000).

Rannsóknir hafa sýnt fram á að stuðningur heimamanna og jákvæð viðhorf þeirra til ferðaþjónustunnar leiði til þess að fleiri ferðamenn sækja staðinn og það eflir ferðaþjónustuna á staðnum. Neikvæð viðhorf heimamanna getur hinsvegar leitt til fráhrindandi áhrifa á ferðamenn á svæðinu og þá þrífst ferðaþjónusta illa þar (Andereck og Vogt, 2000). Enn fremur benti Sharpley (2014) á að þróun og árangur ferðaþjónustu á áfangastað veltur mikið á jákvæðum viðhorfum heimamanna til ferðamanna. Sharpley bendir á að samband þessara tveggja aðila þ.e.a.s. heimamanna og ferðamanna geti skorið



úr um hvort ferðamönnum líki við staðinn og hve miklum áhrifum samfélag heimamanna verði fyrir við komu þeirra fyrrnefndu í bæinn. Í þessari rannsókn er kannað með hjálp líkana frá hinum þekktu fræðimönnum George Doxey og Richard Butler, hvernig viðhorf heimamanna til ferðaþjónustunnar á Seyðisfirði eru og hvaða áhrif hún hefur á svæðið.

### 3.2.1 Áreitiskvarði George Doxey

Eins og fyrr segir hefur viðhorf heimamanna mikið verið rannsakað og þá sérstaklega undanfarin ár þar sem ferðaþjónustan er orðin ein stærsta atvinnugrein í heimi og komur ferðamanna til landsins aldrei fleiri (Ferðamálastofa, 2017). Einn þekktasti fræðimaður sem rannsakaði viðhorf heimamanna til ferðaþjónustu hét George Doxey og eru kenningar hans mikið notaðar enn í dag. Doxey setti fram kenningu sem skýrði það ferli sem heimamenn á áfangastað gengu í gegnum við aukinn straum ferðamanna þangað (Edward H. Huijbens og Eyrún Jenný Bjarnadóttir, 2015).

Kenning Doxey snýst um svokallað áreitislíkan (e. *Doxey irridex model*) sem útskýrir sambandið milli viðhorfs heimamanna og áhrifa ferðaþjónustu á svæði. Áreitislíkan Doxey skiptist í fjögur stig sem viðhorf heimamanna fara í gegnum. Fyrsta stigið í áreitislíkaninu sem kallast ánægjustigið (e. *euphoria*) mætti segja að væri um upphaf ferðaþjónustunnar á svæðum. Í byrjun eru gestir boðnir velkomnir og að sama skapi eru heimamenn ánægðir með komu þeirra og sýna þeim áhuga. Þar sem ferðaþjónustan er að byrja að móta sig er skipulag ferðaþjónustunnar lítið sem ekkert á svæðinu. Annað stigið er oft kallað áhugaleysi (e. *apathy*) sem lýsir sér þannig að áhugi ferðamanna á sögu og menningu á svæðinu minnkar sem verður til þess að heimamenn missa áhugann á að sýna og kynna það fyrir ferðamönnum. Heimamenn missa því hægt og rólega áhugann nema þeir sem hagnast beint af komu ferðamanna á svæðið. Þriðja stig líkansins kallast gremja (e. *annoyance*) en því stigi hefur áfangastaðurinn náð ef heimaþólki finnst því vera ýtt til hliðar. Samfélagið snýst þá aðallega um ferðamennina í bænum og þjónustan er í auknum mæli tileinkuð þeim. Á þessu stigi eru innviðir oft farnir að láta á sjá svo sem með fjölmennari biðröðum á veitingastaði og herra vöruverði. Á þessu stigi verða oft miklar breytingar og gremja heimaþólks eykst. Seinasta stigið kallast svo fjandsemi (e. *antagonism*) sem hægt er að flokka svæðið undir þegar áfangastaðurinn er orðinn fjölmennur ferðamannastaður. Þá er staðurinn búinn að missa allt sitt upprunalega aðdráttarafl, heimamenn eru hættir að taka á móti ferðamönnum og neikvæð staðalímynd

af þeim verður til (Mathieson og Wall, 1992).

Erfitt getur verið að segja til um hversu lengi áfangastaður er að fara í gegnum áreitiskvarða Doxey og veltur það á ýmsu svo sem þróun áfangastaðarins (Edward H. Huijbens og Eyrún Jenný Bjarnadóttir, 2015).

Þó svo að margir fræðimenn noti ennþá og styðji kenningu Doxey um áreitislíkanið þá eru einnig margir fræðimenn sem gagnrýna það. Sú gagnrýni felst aðallega í því að erfitt getur verið að alhæfa yfir allt samfélagið. Samfélagið þarf því ekki endilega allt að vera á sama stiginu heldur geta þau verið á mismunandi stigum innan áreitiskvarða Doxey.. Einnig þarf að skoða líffræðilegar breytur þar sem breytur eins og aldur geta hæglega haft áhrif á viðhorf einstaklingsins. Ásamt því er mikilvægt að skoða árstíðir þar sem óánægja með eina árstíð þarf ekki að endurspeglar óánægju heimafólks á annarri (Williams og Lawson, 2001; Glasson, 1995).

Glasson (1995) benti enn fremur á að viðhorf heimamanna færu ekki aðeins eftir þessu áreitislíkani Doxey heldur þyrfti einnig að skoða tengingu heimamanna við ferðaþjónustuna. Þar sem heimamenn tengdir ferðaþjónustu eru líklegri til að hafa jákvæð viðhorf til hennar en þeir sem ekki tengjast henni.


Þrátt fyrir þó nokkra gagnrýni hefur kenning Doxey sem enn er notuð og virt gefið góða heildarmynd yfir það sem getur gerst á áfangastað ferðamanna (Faulkner og Tideswell, 1997). Því mætti segja að þessi kenning Doxey tengist þróun áfangastaðar og þeim breytingum sem staðurinn getur tekið með auknum ferðamannastrumi.

### **3.2.2 Lífsferilslíkan Richard Butlers**

Lífsferilslíkan áfangastaða (e. *Tourist Area Life Cycle*) sem Richard Butler setti fram árið 1980 lýsir þróun áfangastaðar. Líkan hans byggir að mestu á hugmyndum og lýsingu fræðimannsins Walter Christaller á áfangastöðum sem vaxa í vinsældum. Hann lýsir því hvernig áfangastaður þróast frá því að vera lítil með fáa ferðamenn til þess að verða fjölsóttur ferðamannastaður. Líkan hans byggir þó ekki aðeins á þróun áfangastaðar heldur einnig á þeim áhrifum sem þessi aukning á ferðamönnum hefur á heimamenn (Butler, 1980 og 2009).

Samkvæmt kenningu Butlers fara áfangastaðir ferðamanna í gegnum nokkur stig á lífsferli sínum. Á mynd 1 má sjá lífsferil áfangastaða þar sem y-ásinn sýnir aukningu

ferðamanna og x-ásinn sýnir tíma. Líkanið felur í sér kúrfu með sex þrepum sem hvert lýsir ástandi áfangastaðar á hverjum tímapunkti (Butler 1980).



Mynd 1. Lífsferilslíkan Butlers (Edward Hákon Huijbens og Gunnar Þór Jóhannesson, 2013).

Fyrstu tvö þrepin hafa oft verið nefnd uppgötvun og þátttaka. Á þeim þrepum eru fáir ferðamenn sem heimsækja staðinn en hægt og rólega myndast tengsl á milli ferðamanna og heimamanna þar sem heimamenn átta sig á möguleikum sem tengjast komu ferðamanna í bæinn. Þriðja og fjórða þrepið kallast oft þróun og styrking þar sem ferðaþjónustan á staðnum þróast og þar myndast ákveðið jafnvægisástand sem leiðir til fjölgunar ferðamanna og styrkingar ferðaþjónustunnar. Síðasta þrepið er svo þrep sem getur farið í tvær áttir, hnignun eða endurvakning á staðnum og veltur það mikið á ferðaþjónustunni á staðnum hvernig aðstandendur hennar bregðast við (Butler, 1980).

Margir fræðimenn hafa sýnt fram á tengsl milli áreitiskvarða Doxeys og lífsferilslíkan Butlers. Tengslin eru aðallega fólgin í því að sýna að samband er á milli þróunar áfangastaðar og viðhorfa heimamanna (Faulkner og Tideswell, 1997; Diedrich og García 2009). Í kenningu Butlers bendir hann á að með aukinni þróun og vexti ferðaþjónustunnar myndist aukin ummerki um óánægju heimamanna í garð ferðamanna

(Butler 1980). Þær Diedrich og García (2009) hafa mikið kannað þetta og benda á að um leið og ávinningur heimafólks á ferðamönnum er minni en fórnarkostnaður verða viðhorf heimamanna neikvæð því heimamenn sjá engan hag af því að hafa ferðamenn á svæðinu. Þar með geta heimamenn átt sinn þátt í hnignun staðarins. Aftur á móti ef ávinningur heimafólks af ferðamönnum er meiri en kostnaður þá getur það leitt til jákvæðra viðhorfa heimamanna og aukinnar þróunar á svæðinu.

### 3.2.3 Áhrif ferðapjónustu á heimamenn

Ferðapjónusta á Íslandi hefur aukist mikið undanfarin ár og er orðin stór tekjulind fyrir marga íbúa. Þessi mikla aukning hefur leitt til þess að áhrif ferðapjónustu á heimamenn hefur mikið verið rannsökuð. Hall og Page (2002) skilgreindu áhrif ferðapjónustunnar á heimamenn sem breytingar á lífsháttum, hátterni og lífsgæðum heimamanna, þar sem áhrifin gætu bæði verið góð og slæm. Í fyrstu eru áhrifin yfirleitt góð en þau geta síðar orðið slæm. Mathieson og Wall (1992) bentu á að ferðamenn gætu haft áhrif á heimamenn á marga vegu. Meðal annars með samræðu þar sem heimamaður og ferðamaður skiptast á upplýsingum eða til að mynda í verslun þar sem heimamaðurinn selur ferðamanni vöru eða þjónustu. Þeir benda þó á að ekki þurfi að koma til þess að ferðamaður og heimamaður mætist til þess að áhrif myndist, heldur er nóg fyrir þá að sjá hvorn annan til þess að áhrif verði til staðar.

Heimamenn geta orðið fyrir tvennskona áhrifum af völdum ferðapjónustu. Þessum áhrifum hefur yfirleitt verið skipt í jákvæð og neikvæð áhrif ferðapjónustunnar. Þannig geta jákvæð áhrif ýtt undir hagvöxt svæðisins, aukið atvinnu og tekjustreymi heimamanna (Sharpley, 2014). Fletcher (2005) bendir einnig á að ferðamenn geti ýtt undir stolt heimamanna þegar ferðamenn sýna menningu þeirra og sögu áhuga. Ásamt því að ferðamenn geti leitt til þess að innviðir s.s. veitingastaðir, þjónusta og samgöngur verði betri á staðnum.

Neikvæð áhrif ferðapjónustunnar eru þó einnig til staðar og eru oftast umfangsmeiri en þau jákvæðu og fá oft meiri umfjöllun. Þau neikvæðu mætti segja að væru fyrst og fremst þau áhrif sem geta fylgt ferðapjónustunni eins og vændi, glæpir, spilavíti og drykkja (Archer og Cooper, 1998). Mathieson og Wall (1992) benda á að mjög mikilvægt geti

verið að fylgjast með þessum áhrifum enda geti það leitt til þess að stuðningur heimamanna minnki með alvarlegum afleiðingum fyrir ferðaþjónustuna á svæðinu.

.



## 4 Aðferðafræði

Í rannsókninni var notuð eigindleg aðferðafræði (e. *Qualitative research methods*). Eigindlegar rannsóknaraðferðir eru heppilegar þegar reynt er að skilja viðhorf og sjónarhorn viðmælanda til ferðaþjónustu og áhrifa hennar á heimamenn og samfélag. Eigindlegar aðferðir hafa upp á margt að bjóða fram yfir þær meginlegu. Þær eru notaðar ef áhersla er lögð á skilning á hugsunarhætti viðmælanda í stað tölulegrar gagnagreiningar eins og meginlegar aðferðir snúast um. Með eigindlegum aðferðum er hægt að komast yfir túlkandi og lýsandi frásagnir og byggja oftast en ekki á þeim kenningum að raunveruleikinn sé félagslega mótaður (Taylor og Bogdan, 1998). Í eigindlegum aðferðum er það ekki tilviljunarkennt hver tekur þátt í rannsókninni, eins og vaninn er í meginlegum aðferðum, heldur eru þeir viðmælendur oftast valdir sem henta best og búa yfir upplýsingum sem rannsakandinn er að leita eftir. Ekki er sett fram tilgáta í eigindlegum aðferðum heldur er hinsvegar sett fram kenning í samræmi við það sem kemur út úr rannsóknargögnum. Með eigindlegum gögnum er helsta markmiðið að rannsakandinn fái skilning og upplifun frá viðmælendum og því má segja að rannsakandinn sjálfur sé helsta tækið í rannsókninni. Aðleiðsla er notuð til þess að nálgast viðfangsefnið því gagnaöflun fer fram í upphafi, síðan eru gögnin greind og að lokum er svo dregin niðurstaða (Taylor og Bogdan, 1998).

Í þessari rannsókn voru tekin hálfstöðluð djúpviðtöl sem lýsir sér þannig að ekki var notaður spurningalisti heldur notaði rannsakandinn viðtalsramma til viðmiðunar meðan á viðtölum stóð. Það er einkennandi fyrir djúpviðtöl að rannsakandi túlkar orð viðmælanda og megináherslan er lögð á það að kafa djúpt ofan í viðtölin og gæði þeirra eru mikilvægari en fjöldinn (Bryman, 2016).

### 4.1 Gagnasöfnun

Rannsóknarvinna við ritgerðina hófst í mars 2017 með þekkingaröflun á rannsóknarsvæðinu þar sem fræðilegu efni sem tengdist rannsókninni var safnað saman. Þar næst var viðtalsrammi búinn til fyrir viðtölin sem sjá má í viðauka eitt. Áður en lagt var í rannsóknarferð var tölvupóstur sendur á hluta viðmælanda og einnig aftur viku áður

en lagt var af stað í rannsóknarferðina. Lagt var af stað til Seyðisfjarðar þann 2. júní, 2017 og var sú rannsóknarferð til 10.júní. Þegar komið var á áfangastað var byrjað á þátttökuathugun sem fólst í því að gengið var um svæðið, teknar voru myndir og talað var við heimamenn til að fá betri tilfinningu fyrir staðnum. Á þessu tímabili voru sex einstaklingsviðtöl tekin við heimamenn sem ýmis voru tengdir eða ótengdir ferðamenskunni á svæðinu með því markmiði að fá ólík viðhorf heimamanna á ferðaþjónustunni í bænum. Viðtölin voru allt frá 31 mínútu til 54 mínútur að lengd og fóru ýmist fram í heimahúsi, vinnustað eða á kaffihúsi á Seyðisfirði. Viðtölin voru öll tekin við heimamenn á Seyðisfirði sem höfðu þekkingu á ferðaþjónustunni og samfélaginu. Við gagnasöfnunina var boðið upp á nafnleynd en ekki var talið þörf á því ásamt því að viðtölin voru öll hljóðrituð með því markmiði að afrita, greina og vinna úr niðurstöður.

## 4.2 Val á viðmælendum

Þátttakendur voru fyrst valdir með markvissu úrtaki sem lýsir sér þannig að til að finna viðmælendur fyrir rannsóknina þá þurftu viðkomandi að uppfylla fyrirfram gefnar forsendur sem gerðar voru í upphafi rannsóknar. Einnig var snjóboltaaðferðin notuð en það var gert á þann hátt að til að mynda einn viðmælandi benti á annan sem hann taldi búa yfir upplýsingum sem gætu orðið til góðs fyrir rannsóknina (Bryman, 2016). Í þessari rannsókn voru viðmiðin þau að viðmælendur væru heimamenn á Seyðisfirði og þekktu til ferðaþjónustunnar og samfélagsins á svæðinu. Þar sem eitt markmið rannsóknarinnar var að fá viðhorf heimamanna sem voru tengdir ferðaþjónustunni í bænum en einnig frá þeim sem voru ótengdir þeirri atvinnugrein var reynt eftir bestu getu að finna jafnt hlutfall tengdra og ótengdra viðmælenda. Á töflu eitt má sjá útlistun á viðmælendum rannsóknarinnar.



Tafla 1. Viðmælendur rannsóknar eftir stafrófsröð

Nafn	Starfsheiti	Tengsl við ferðaþjónustuna í bænum
Aðalheiður Borgþórsdóttir	Sjálfstætt starfandi ferðaskipuleggjandi, markaðsstjóri Seyðisfjarðarkaupstaðar.	Mikil tengsl vegna atvinnu.
Dagný Erla Ómarsdóttir	Atvinnu- menningar- og íþróttafulltrúi Seyðisfjarðar.	Mikil tengsl vegna atvinnu.
Jóhann P. Hansson	Fyrirverandi hafnarvörður við Seyðisfjarðarhöfn.	Engin tengsl við ferðaþjónustuna.
Margrét Guðjónsdóttir	Verslunar- og gistihúsa eigandi. Bæjarfulltrúi og formaður bæjarráðs.	Mikil tengsl vegna atvinnu og eignar.
Sólveig Sigurðardóttir	Forstöðumaður bókasafns Seyðisfjarðar.	Engin tengsl við ferðaþjónustuna.
Tinna Guðmundsdóttir	Forstöðumaður Skaftfells.	Lítill tengsl við ferðaþjónustuna.

### 4.3 Úrvinnsla gagna

Við úrvinnslu gagna voru viðtölin sex afrituð orðrétt í tölvu. Að afritun lokinni voru gögnin greind. Fyrst með opinni kóðun en í því felst að rannsakandinn les yfir gögnin með því markmiði að finna þemu eða kóðunarflokka í gögnunum. Þemun og kóðunarflokkana nýtir rannsakandinn sér svo í markvissri kóðun þar sem hann les svo aftur yfir gögnin með

Því markmiði að einblína á þau lykilþemu sem greind voru með opinni kóðun (Bryman, 2016).

## 5 Niðurstöður

Samkvæmt skilgreiningum á jaðarsvæði þá má segja Seyðisfjörð vera slíkt svæði. Samgöngur, veðurfar, árstíðabundin sveifla ferðaþjónusta og staðsetning bæjarins frá næsta kjarna ýtir undir þá staðreynd að flokka megi bæinn sem jaðarsvæði. Samkvæmt viðmælendum í rannsókn þá voru þau öll sammála um að Seyðisfjörður væri jaðarsvæði og að ferðaþjónustan hefði þar mikil áhrif, vegna aðdráttarafls, einkenna og samgangna bæjarins. Þessi áhrif gætu hins vegar verið bæði góð og slæm fyrir ferðaþjónustuna og þá sérstaklega þessar árstíðarsveiflur sem eru í ferðaþjónustunni á svæðinu. Staðurinn sem jaðarsvæði hefur skapað bænum þau einkenni sem eru að mörgu leyti aðdráttarafl sem dregur ferðamenn að.

### 5.1 Aðdráttarafl bæjarins

Þegar viðmælendur voru spurðir hvert væri helsta aðdráttarafl staðarins fyrir ferðamenn þá komu fimm atriði oftast fyrir. Það voru gömlu húsin, náttúran, kyrrðin, menningarbragur bæjarins og Skálanes. Samkvæmt Dagnýju koma ferðamenn mikið í bæinn til að skoða náttúruna enda er að finna margar gönguleiðir í og við bæinn. Hún benti einnig á að Skálanes væri ákveðið aðdráttarafl og sagði að mögulega væri það of mikið þar sem erfitt væri að anna eftirspurn ferðamanna á þeim stað. Sólveig benti á að þekktar kvikmyndir sem hefðu verið teknar upp að hluta til á Seyðisfirði drægju að margna ferðamenn. Hún tæki eftir miklum vinsældum staðarins vegna kvikmynda eins og Walter Mitty og Ófærð. Tinna benti einnig á að gæðin í ferðaþjónustunni á Seyðisfirði væru meiri en í nærliggjandi bæjum af sömu stærðargráðu. Margrét sagði einnig:

Ég held að þetta sé svona orð af orði, upplifun fólks af Seyðisfirði er almennt mjög jákvæð. Af náttúrinni, bærarstæðinu, aðgengi að fjölbreyttri náttúru, listalífið, menningunni og sýnilegu bæjarlífi. Ferðamenn eru einnig ávallt í tengslum við heimamennina sem ég tel vera mjög mikilvægt.

Aðspurð að því hvort Norræna væri mikið aðdráttarafl fyrir bæinn voru þau öll sammála um að hún gengdi þar mikilvægu hlutverki og drægi að ferðamenn. Samkvæmt Jóhanni eru áhrif hennar mikil og hann nefndi að á venjulegum fimmtudegi þegar Norræna væri í höfn fara um 1.200 farþegar með ferjunni og annar eins fjöldi væri að koma. Þrátt fyrir þessi miklu áhrif bentu þau einnig á að ferðamenn væru ekki aðeins að koma í bæinn til að fara með eða koma úr ferjunni, þó það hefði augljóslega áhrif, heldur kæmu þeir einnig til að skoða það sem helst dregur að í bænum. Aðalheiður, sem hefur mikla reynslu á ferðaþjónustunni í bænum, sagði að það hefði tekið miklum breytingum undanfarin ár. Þessar breytingar fælust, að hennar mati, aðallega í því að áður fyrr komu ferðamenn eingöngu til Seyðisfjarðar þá daga sem Norræna kom og fór, aðra daga hefði lítið til þeirra sést. Nú hefði hinsvegar verið nokkur breyting þar á og eru ferðamenn kæmu í stöðugt meiri mæli til þess að njóta áfangastaðarins Seyðisfjarðar. Flest öll minntust þau á þessa breytingu og sögðu að ferðamenn sem kæmu með Norrænu keyrðu flestir strax út úr bænum, án þess að hafa frekari viðkomu. En undanfarin ár hefðu þau tekið eftir því ferðamenn kæmu fyrr til baka og nytu áfangastaðarins áður en þeir færu aftur með Norrænu. Jóhann benti á að þetta væri hægt að sjá á gistirýmum staðarins dagana fyrir brottför ferjunnar, þau væru fullbókuð.

Þegar spurt var um hátíðina Lunga og tengingu hennar við aðdráttarafl fyrir ferðamenn voru þau flest sammála um að hátíðin væri vissulega aðdráttarafl og þá sérstaklega fyrir unga fólkið. Aðalheiður sagði að tónlistarhátíðin laðaði að vissu leyti að sér ferðamenn en væri þó samt ekki helsta aðdráttarafl ferðamanna heldur meira fyrir heimamenn og nágretta bæi til að njóta.

## **5.2 Samskipti heima- og ferðamanna**

Viðmælendur voru sammála um það að að samskipti heimamanna og ferðamanna í bænum væru mikil, sérstaklega þar sem margir heimamenn starfa í ferðaþjónustu. Þegar spurt var um samskipti ferðamanna og þeirra heimamanna sem ekki störfuðu í þeirri atvinnugrein þá voru viðmælendur þar ósammála. Margrét sagði að hún væri tilbúin til að spjalla og væri viss um að aðrir heimamenn myndu gera það sama. Hún sagði einnig að Seyðfirðingar heilt yfir legðu sig fram um að vera persónulegir og gæfu sér tíma með ferðamönnum. Tinna taldi þó að heimamenn sem ekki störfuðu í greininni væru ekki í miklum

samskiptum við ferðamenn. Viðmælendur voru ósammála um það hvort samskipti heimamanna og ferðamanna væru mikil. Þau voru þó sammála um að samskipti þeirra heimamanna sem störfuðu í ferðaþjónustu væru mikil við ferðamenn og að það væri nokkuð stór hluti heimamanna.

Þó að samskipti milli heima- og ferðamanna væru með góðu móti í bænum upplifði Dagný að það væri hópur í samfélaginu orðinn pirraður á ferðamönnunum. Hún sagði að mikilvægt væri að fara varlega með þennan pirring því margir heimamenn hefðu atvinnu sem tengdist ferðaþjónustunni og þar að auki væri þetta mikilvægur atvinnuvegur fyrir bæinn. Hún taldi mögulegt að þessi pirringur hefði vaxið mikið við aukinn straum ferðamanna í bæinn. Dagný og Tinna töluðu um að sumir forðuðust það að fara út til dæmis í göngutúr á álagstíma og nefndu þær einnig að sumir ferðamannanna geri sig líklega til að taka myndir af börnum þeirra án leyfis. Tinna sagði:

Þau fara einnig oft inn á manns einkarými og missa oft samhengið þegar þau ferðast. Mér líður oft eins og ég sé innfæddur í einhverjum ættbálki hérna og ferðamennirnir eru komnir til að rannsaka okkur. Þegar maður býr í svona litlum bæ upplifir maður hann oft sem einkarými og með svona marga ferðamenn getur maður túlkað það sem áras á manns einkasvæði.

Enn fremur nefndi Aðalheiður og Margrét að það væri hópur í bænum sem væri orðinn nokkuð pirraður vegna ferðamannanna. Þær sögðu að fólki myndist sem ferðamennirnir væru komnir ofan í þeirra einkalíf, væru á gluggunum og skildu eftir sig rusl á stöðum sem væru alls ekki æskilegir úrgangslosunar. Jóhann nefndi einnig að heimamenn væru í stöðugt meiri mæli orðnir leiðir á því að fara út að borða vegna þess að þeir fengju ekki borð á veitingastöðunum vegna mikilla anna við ferðamennina. Hann sagði að ástandið væri sérstaklega slæmt þegar skip er í höfn.

Eins og sjá má eru neikvæðar skoðanir í garð ferðamanna farnar að heyrast frá heimamönnunum. Aðalheiður taldi þó þennan hóp lítinn og væru oftast sá hópur sem væri ekki tengdur ferðaþjónustunni á einn eða annan hátt og gerði sér því kannski ekki grein fyrir jákvæðum hliðum hennar.

## 5.3 Upplifun heimamanna

Aðspurð að því hver upplifun þeirra á ferðaþjónustunni í bænum væri voru allir viðmælendur sammála um að hún væri jákvæð, árstíðabundin, skapaði atvinnu og tækifæri og myndaði skemmtilegt líf í bænum. Þau nefndu þó öll að síðustu árin hefði verið mikil aukning í ferðaþjónustugeiranum og fjölda ferðamanna og að nú væri háannatímabilið orðið mun lengra. Margrét benti á að upplifun sem ferðamaðurinn gæfi til baka væri einnig mjög jákvæð. Flestir sem hún spjallar sjálf við tala mjög vel um bæði bæinn, náttúru og menningu á staðnum. Aðalheiður sagði að með þessari auknu komu ferðamanna í bæinn þá fyndist henni sem að nú væri komið að ákveðnum þolmörkum. Hún sagði að það væri ekki endalaust hægt að auglýsa bæinn heldur yrði einnig að vera hægt að taka á mótí ferðamönnum. Hún benti á að mögulega hefði aukningin verið það hröð að menn hefðu ekki verið nægilega tilbúnir að taka við öllum þessum fjölda. Hún bætti síðan við að ef ekki væri fyrir ferðaþjónustuna þá yrði ansi dapurt og að þessi mikla uppbygging væri af hinu góða. Tinna var á sama máli og Aðalheiður en sagði þó að bærinn þyldi þetta álag mjög vel. Hún sagði:

Ferðamenn koma yfirleitt í bæinn og fara á sinn gististað og fara svo yfirleitt á veitingastaðina og fá sér að borða. Þessa daga er alveg rosalega mikið að gera þegar mest á reynir. Svo fara ferðamennirnir að sofa og eru farnir áður en maður er komin á lappir. Þannig það fer lítið fyrir þeim sérstaklega ef maður forðast að fara út á þessum tíma.

Sólveig nefndi það að ferðaþjónustan hefði verið á mörkunum að verða stjórnlaus vegna aukins fjölda ferðamanna sem hefðu sótt til bæjarins og sagði að ferðaþjónustuna vantaði betri stjórnun. Tinna nefndi það einnig að hún hefði komið með þá hugmynd að ferðaþjónustan í bænum yrði sögð uppseld yfir júlí-mánuð þar sem hún næði hápunkti ársins vegna álags. Aðspurð að því hvort ávinningur ferðaþjónustunnar væri meiri en kostnaður fyrir heimamenn voru allir viðmælendur sammála um það og nefndu að ávinningurinn væri mikill og skapaði fjölda starfa. Aðalheiður og Dagný sögðu að helsti kostnaður ferðaþjónustunnar væri sá að halda í við innviði bæjarins sem farið væri að sjá nokkuð á.

## 5.4 Mikilvægi ferðapjónustunnar

Þegar viðmælendur voru spurðir um mikilvægi ferðapjónustunnar í bænum voru allir á þeirri skoðun að hún væri mjög mikilvæg. Í ferðapjónustu liggja mikil tækifæri fyrir heimamenn og hún hefur að vissu marki tekið við af sjávarútvegi og fiskvinnslu þegar niðursveifla var í þeirri atvinnugrein í bænum. Það hefur þó alltaf verið stutt í ferðapjónustuna vegna tengsla við Norrænu sem hefur aðkomu í bænum. Dagný taldi ásamt hinum viðmælendum, ferðapjónustuna vera mjög mikilvæga og nefndi að margir heimamenn störfuðu beint eða óbeint við greinina. Það eitt segði til um hversu mikilvæg ferðapjónustan væri fyrir bæinn. Hún sagði að ferðapjónustan tengdist mörgu inn í margt í bænum og nefnir þar meðal annars gistiheimilin, kjörbúðina, veitingastaðina og öll þessi smá ferðapjónustu fyrirtæki sem hafa myndast í bænum. Jafnframt talaði hún um þá þjónustu sem hefði komið með auknum straumi ferðamanna til bæjarins. Þar nefndi hún til að mynda lengri opnunartíma í kjörbúðinni og betra úrval og meiri gæði á veitingastöðum. Margrét sagði:

Ferðapjónustan er mikilvæg að öllu leyti sérstaklega fyrir lítinn bæ eins og þennan. Hún gerir það að verkum að krakkarnir okkar hafa tök á því að fá sumarvinnu og verður æskilegri kostur fyrir þá að loknu námi. Einnig gefur hún bænum rosalegt líf sem er alltaf gaman að sjá. Hún hjálpar okkur að huga betur að umhverfinu og innviðum á svæðinu svo í heildina tel ég hana því mjög mikilvæga fyrir bæinn en það mætti líkja henni við gömlu góðu síldina okkar, nema vonandi hverfur hún ekki að þessu sinni.

Sólveig sagði að ferðapjónustan væri einnig mikilvæg að því leyti að hún skapaði há hafnargjöld fyrir höfnina með komum skemmtiferðaskipa og Norrænu. Þeir ferðamenn skiluðu ávallt einhverjum ávinningi í bæinn, þó hann væri ekki mikill.

Þó svo að ferðapjónustan sé mikilvæg fyrir samfélagið sögðu viðmælendurnir að hún hefði einnig galla. Tinna benti á að þó það væri mikil uppbygging í ferðapjónustunni í bænum, ætti engin uppbygging sér stað innan bæjarins sem ekki tengist ferðapjónustunni. Í því samhengi sagði hún að einu húsin í bænum sem hefðu verið byggð undanfarin ár væru fyrir ferðamenn og að þau gistirými sem losnuðu væru oftast einnig notuð undir ferðamenn eða starfsmenn ferðapjónustunnar. Þetta gerði það að verkum að fólk sem kysi að búa allt árið á staðnum hefði engan stað til að flytja til vegna húsnæðisskorts. Einnig benti Tinna á

að mikið álag væri á stoðkerfi heimamanna eins og t.d. lækni- og öryggisþjónustu þegar háannatími væri í ferðaðþjónustunni. Hún sagði það skrítið að lækniþjónustan væri takmörkuð og engin lögregla væri í bænum. Að hennar sögn þá gista 1000 manns á staðnum þegar öll gistirými væru fullbókuð. Jóhann, Sólveig og Tinna töluðu svo um að það væri mikill galli hversu sveiflukennd ferðaðþjónustan í bænum væri. Með þessari sveiflu þá hefði bærinn neyðst til þess að flytja inn vinnuafli utan frá með þeim afleiðingum að þau borguðu ekki skatta og skyldur til bæjarins sem gætu nýst frekari uppbyggingar hans. Af þessum sökum þá skilar skattþeningurinn frá ferðaðþjónustunni sér ekki út í samfélagið eins og best væri.

## 5.5 Framtíðarsýn og tækifæri

Spurð að því hvernig þau sæju ferðaðþjónustuna fyrir sér í náinni framtíð sögðu viðmælendurnir að tækifæri bæjarins væru mikil og voru bjartsýn fyrir framtíðinni. Allir viðmælendur voru sammála um að það þyrfti að leggja áherslu á að reyna að draga að ferðamenn yfir allt árið og reyna að láta þá dvelja lengur enda hefði bærinn og ferðaðþjónustan upp á mikið að bjóða. Viðmælendur nefndu öll tvö atriði sem gætu haft mikil áhrif á framtíð og tækifæri ferðaðþjónustunnar á staðnum. Þessi tvö atriði eru styrking krónunnar sem hefur gert það að verkum að samkvæmt Aðalheiði og Dagný að ferðamenn væru farnir að stytta ferðir sínar um landið og þá slepptu þeir að heimsækja Seyðisfjörð. Þessi áhrif sagði Aðalheiður að væru strax farin að sjást á ferðaðþjónustunni í bænum. Seinna atriðið sem viðmælendur höfðu orð á voru umræður um hækkun virðisaukaskatts á ferðaðþjónustuna hér á landi. Aðalheiður benti á að þessi umræða um hækkanir hefði nú þegar haft mikil áhrif á bæinn og ferðaðþjónustuna þar. Hún sagði framkvæmdir á hóteli sem átti að byggja á staðnum hefði verið stöðvaðar þangað til annað kæmi í ljós. Aðalheiður sagði:

Með styrkingu krónunnar er allt komið í einhvern bakkgír og mikill samdráttur orðinn í geiranum. Ferðamenn eru farnir að stytta ferðir og sleppa þessum hluta landsins. Við höfum miklar áhyggjur af þessu sérstaklega þar sem styrking krónunnar er nú þegar að hafa mikil áhrif á ferðaðþjónustuna hérna og ofan á það ef virðisaukaskatturinn verður hækkaður þá mun það hafa rosa miklar afleiðingar fyrir



ferðaþjónustuna hérna í bænum. Ég myndi ekki vilja sjá hvaða afleiðingar það hefur fyrir okkar bæjarfélag

Viðmælendur nefndu þó að staðurinn ætti mikið inni og tækifæri hans væru mikil. Dagný og Jóhann nefndu bæði möguleika á millilandaflugi á Egilsstöðum. Með því flugi myndi Austurland og þar með Seyðisfjörður opnast meira fyrir ferðamönnum sérstaklega núna með styrkingu krónunnar og styttingu ferða þeirra. Enn fremur nefndu Margrét og Sólveig mikilvægi ganganna. Með gerð ganganna milli Seyðisfjarðar og Egilsstaða myndi það ekki aðeins opna möguleika fyrir heimamenn og veita þeim aukin tækifæri og öryggi heldur einnig myndi þau auka ferðaþjónustuna í bænum og mögulega minnka þessa miklu árstíðasveiflu þar.



## 6 Umræður og lokaorð

Í upphafi rannsóknar voru lagðar fram tvær rannsóknarspurningar. Þær hljóðu svo: Hver eru áhrif ferðamennsku á jaðarsvæðið Seyðisfjörð og hvernig upplifa íbúar á Seyðisfirði áhrif ferðamennsku á samfélagið?. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna fram á að áhrif ferðamennsku á jaðarsvæðið Seyðisfjörð eru mjög mikil. Ferðaþjónustan hefur að vissu marki tekið við af sjávarútvegi og fiskvinnslu á svæðinu með því að skapa atvinnu og tækifæri fyrir íbúa. Atvinnugreinin er því mjög mikilvæg fyrir bæinn þar sem margir íbúar starfa við hana. Ferðaþjónustan hefur einnig leitt til þess að mikil uppbygging hefur verið í bænum undanfarin ár sem annars hefði líklega ekki orðið. Þjónustustigið hefur hækkað töluvert með fjölgun gistiheimila, veitingastaða og þjónustu í bænum. Þar að auki hafa ferðamenn gert það að verkum að mikið líf hefur kviknað í bænum sem er skemmtilegt að sjá. Áhrifin eru þó ekki aðeins jákvæð heldur hefur þessi mikla aukning á ferðamönnum í bæinn undanfarin ár leitt til þess að innviðir bæjarins eru farnir að láta á sjá. Þessi aukni straumur ferðamanna hefur gert það að verkum að íbúar sem hyggjast setjast að á staðnum hafa ekki fengið húsnæði því eiginlega allt húsnæði er notað undir ferðamenn eða starfsmenn ferðaþjónustunnar. Íbúar Seyðisfjarðar upplifa ferðaþjónustuna að mestu á jákvæðan hátt og segja heimamenn að hún geri margt gott fyrir bæinn. Í bænum er þó hópur sem er orðinn pirraður á ferðamönnum vegna ónæðis á þeirra einkarými og einnig vegna-, sóðaskapar og truflunar á þjónustu í bænum.

Nash og Martin (2003) skilgreindu jaðarsvæði sem huglægt mat einstaklings á jaðarsvæði eða af ákveðnum landfræðilegum skilningi af fjarlægð svæðisins frá kjarna. Þeir nefndu einnig að samgöngur, aðgengi og staðsetning svæðisins væri einnig mikilvægt þegar skilgreina á jaðarsvæði. Wanhill og Buhalis (1999) nefndu að jaðarsvæði ættu það oft sameiginlegt að efnahagur svæðisins hefði breyst mikið og væri því ferðaþjónustan að einhverju leyti notuð sem ákveðinn bjargvættur á svæðinu. Allar þessar skilgreiningar frá þessum fræðimönnum eiga mjög vel við Seyðisfjörð og er því óhætt að kalla bæinn jaðarsvæði.

Baum og Hagen (1999) töluðu um áhrif árstíðabundinnar ferðaþjónustu á svæði. Þeir fjölluðu um að árstíðabundin ferðaþjónusta hefði mikil áhrif á gæði ferðaþjónustu á lágannatíma. Samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar ríkir mikil árstíðarsveifla í

ferðapjónustunni á Seyðisfirði. Þeir benda á að mikilvægt getur verið fyrir samfélagið að leggja vinnu í það til að koma í veg fyrir svona mikla árstíðarbundna ferðapjónustu eins og ríkir á Seyðisfirði og ekki bara horfa á hana sem tímabundna atvinnu fyrir stóran hluta samfélagsins. Þannig væri meðal annars hægt að virkja skíðasvæðið á staðnum til að auka ferðamenskuna í bænum á lágannatíma eða bjóða upp á meiri afþreyingu yfir vetrartímann.

Sharpley (2014) talaði um mikilvægi þess að finna jafnvægi milli gistinga, innviða og afþreyingar á svæðum því þetta jafnvægi væri það sem laðaði að ferðamenn. Samkvæmt niðurstöðum rannsóknar virðist vera næg gistiaðstaða í bænum og hefur afþreying verið að aukast mikið undanfarin ár. Innviðir bæjarins hafa þó átt undir högg að sækja vegna aukinnar aðsóknar ferðamanna í bæinn. Því er mikilvægt fyrir bæinn að byggja upp innviði bæjarins svo hægt sé að taka á móti ferðamönnum í framtíðinni.

Í fræðilega hluta rannsóknarinnar var fjallað um kenningar um viðhorf heimamanna til ferðapjónustunnar. Kenning Doxey er ein af þeim kenningum sem fjallar um viðhorf heimamanna gagnvart ferðapjónustunni. Kenning hans skiptist í fjögur stig sem hvert og eitt lýsir viðhorfi heimamanna til ferðapjónustunnar. Útfrá upplifun viðmælenda má skipta viðhorfum í tvennt. Þar sem hópur innan samfélagsins er á móti en aðrir hlynntir ferðapjónustunni. Samkvæmt viðmælendum voru þeir sem eru tengdir ferðapjónustunni á svæðinu líklegri til að vera með jákvæðara viðhorf til hennar. Samkvæmt áreitisskala Doxey fjallar annað stigið um áhugaleysi (e. *apathy*) sem lýsa má meðal annars þannig að heimamenn missa áhugann á ferðapjónustunni nema þeir hagnist beint af komu ferðamanna á svæðið (Glasson, 1995). Ein helsta gagnrýni á kenningu hans er að heimamenn tengdir ferðapjónustunni á staðnum séu líklegri til að hafa jákvæð viðhorf til ferðapjónustunnar heldur en þeir heimamenn sem ekki tengjast þessari atvinnugrein (Glasson, 1995). Mikilvægt er því að minna á að stór hluti Seyðfirðinga vinna við ferðapjónustugreinina og áhugaleysið getur því verið minna en gengur og gerist í öðrum bæjum á stigi tvö í áreitisskala Doxey. Önnur kenning sem fjallar um viðhorf heimamanna til ferðapjónustunnar er sexþrepa kenning Butlers um þróun áfangastaðar og áhrif hennar á heimamenn á svæðinu. Þrep tvö lýsir sér þannig að fjöldi ferðamanna eykst, heimamenn fara að sjá möguleika og tækifæri í greininni og samskipti heimamanna og ferðamanna eru ennþá að mestu góð (Butler, 1980). Upplifun viðmælenda til aukins fjölda ferðamanna samræmist þrepi tvö í kenningu Butlers.

Samkvæmt þeim Diedrich og García (2009) hefur upplifun heimamanna mikið að

gera með hvernig ávinningur hennar er fyrir samfélagið. Ef ávinningurinn er meiri en kostnaðurinn er líklegur að heimamenn beri jákvæð viðhorf til ferðaþjónustunnar á svæðinu. Aftur á móti ef ávinningurinn er minni en kostnaður er líklegur að heimamenn beri neikvæð viðhorf til ferðaþjónustunnar. Þar sem niðurstöður rannsóknarinnar sýna fram á er að upplifun heimamanna sé að mestu jákvæð má segja að ávinningurinn sé meiri en kostnaðurinn fyrir samfélagið.

Sharpley (2014) og Fletcher (2005) tala um áhrif ferðaþjónustunnar á samfélagið. Ferðaþjónustan getur verið mikilvæg fyrir svæði en getur einnig haft alvarlegar afleiðingar ef ekki er rétt að henni staðið. Þeir tala um að ferðaþjónustan geti ýtt undir hagvöxt, atvinnu og tekjustreymi heimamanna sem og stolt á menningu þeirra og sögu. Þessi áhrif má segja að eigi vel við Seyðisfjörð. Í bænum eru heimamenn stoltir að kynna sögu og menningu fyrir ferðamönnum þar sem sýningar og söfn eru áberandi. Ferðaþjónustan hefur einnig ýtt mikið undir hagvöxt, atvinnu og tekjustreymi til heimamanna og því er hægt að segja að ferðaþjónustan hafi að mestu mjög jákvæð áhrif á heimamenn á Seyðisfirði.

Framtíð ferðaþjónustunnar í bænum er björt en ýmsar hindranir eru þó í veginum til að blómstra. Viðmælendur í rannsókn bentu á þær hindranir sem ferðaþjónustan í bænum þyrfti að takast á við. Þessar hindranir eru stöðug styrking krónunnar og möguleg aukning á virðisaukaskatti á ferðaþjónustuna hér á landi. Afleiðingarnar gætu orðið miklar fyrir bæinn sem strax núna má sjá á samfélaginu þar sem bygging á hóteli var stöðvuð. Ljóst er að mikilvægt er að finna leið til að draga að ferðamenn til bæjarins þó svo að aðgengi og samgöngur milli næsta kjarna séu ekki upp á sitt besta. Seyðisfjörður hefur þó Norrænu sem hefur skapað sérstöðu í bænum og skiptir hún miklu máli fyrir ferðaþjónustuna.

Niðurstöður rannsóknarinnar voru að mestu í samræmi við það sem búist var við áður en rannsókn hófst. Búist var við að hún hefði mikil áhrif á samfélagið sem reyndist vera rétt. Það sem kom á óvart var að allir viðmælendur nefndu þennan hóp sem var orðinn pirraður á ferðaþjónustunni, sem var ekki í samræmi við það sem var búist við áður en rannsókn hófst enda mætti segja að ferðaþjónustan hafi óbeint áhrif á alla heimamenn á Seyðisfirði.

Þegar litið er yfir rannsóknina er margt sem má læra af þeim niðurstöðum sem hér hafa komið fram. Þær niðurstöðurnar nýtast fyrst og fremst ferðaþjónustunni á Seyðisfirði, til að sjá hvaða áhrif hún hefur, hvar hún stendur og hverju þurfi að fylgjast vel með. Auk þess gætu niðurstöðurnar nýst vel fyrir aðra sambærilega bæi þó svo að Seyðisfjörður skapi sérstöðu hvað Norrænu og skemmtiferðaskip varðar.

Rannsóknin stóð yfir í átta daga á Seyðisfirði. Á þeim tíma fóru fimm dagar í gagnaöflun með viðtölunum. Þar sem markmiðið með rannsókninni var að afrita og kóða hvert viðtal fyrir það næsta þá er ljóst að fimm dagar til gagna öflunar er of stuttur tími. Það voru einungis tekin viðtöl við sex einstaklinga og því er erfitt að taka afstöðu til niðurstaðna þar sem rannsóknin hafði ekki að öllu leyti náð sínu metunarmarki (e. *saturation*) sem mælt er með að eigindlegar rannsóknir geri til að koma í veg fyrir að engar frekari upplýsingar komi fram. Þetta eru því helstu gallar rannsóknarinnar.

Í framhaldi af þessari rannsókn væri skemmtilegt og fræðandi að skoða áhrif skemmtiferðaskipa eða Norrænu á ferðapjónustuna í bænum þar sem sérstaða Seyðisfjarðar liggur í þessum tveimur þáttum. Fróðlegt væri að gera rannsókn á því hvað væri það helsta sem ferðamenn sæktust eftir á Seyðisfirði. Þannig væri hægt að byggja upp ferðapjónustuna með tilliti til áhuga ferðamanna. Einnig væri skemmtilegt og gott fyrir ferðapjónustuna að kanna hvernig hægt væri að laða að ferðamenn á láganna tíma til að bregðast við þeirri miklu ferðamannasveiflu sem er á svæðinu. Auk þess gæti verið nýtsamlegt fyrir bæinn að skoða áhrif tilvonandi jarðganga á samfélagið og ferðapjónustuna á svæðinu. Það gæti gefið skýra mynd af kostum þess að gera jarðgöng á milli þessara tveggja bæjarfélaga.

# Heimildaskrá

- Andereck, K. L. og Vogt, C. A. (2000). The relationship between residents' attitudes toward tourism and tourism development options. *Journal of Travel research*, 39(1), 27-36.
- Archer, B., Cooper, C. og Ruhanen, L. (2005). The positive and negative impacts of tourism. *Global tourism*, 3, 79-102.
- Bryman, A. (2016). *Social Research Methods* (5. útg). New York Oxford University Press.
- Butler, R. (2009). Tourism in the future: Cycles, waves or wheels?. *Futures*, 41(6), 346-352.
- Butler, R. W. (1980). The concept of a tourist area cycle of evolution: implications for management of resources. *The Canadian Geographer/Le Géographe canadien*, 24(1), 5-12.
- Diedrich, A. og García-Buades, E. (2009). Local perceptions of tourism as indicators of destination decline. *Tourism Management*, 30(4), 512-521.
- Edward Hákon Huijbens og Eyrún Jenný Bjarnadóttir. (2015). *Viðhorf Íslendinga til ferðafólks og ferðaþjónustu*. Sótt 15. júlí, 2017 af <http://www.rmfi.is/static/research/files/vidhorf-heimafolkspdf>.
- Edward Hákon Huijbens og Gunnar Þór Jóhannesson. (2013). *Ferðamál á Íslandi*, 73-75. 217- 228. Reykjavík: Mál og menning.
- Faulkner, B. og Tideswell, C. (1997). A framework for monitoring community impacts of tourism. *Journal of sustainable tourism*, 5(1), 3-28.
- Fletcher, J. (2005). The socio-cultural impact of tourism. *Tourism Principles and Practice*. (3. útgáfa). Harlow: Pearson Education Limited.
- Ferðamálastofa. (2017). *Ferðaþjónusta á Íslandi í tölum*. Sótt 15. júlí, 2017 á <https://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/Frettamyndir/2017/juni/ferdathjonusta-i-tolum-2017-2.pdf>.
- Genc, R. (2010). Turning Weaknesses into Strengths: Nordic Tourism, Potentials for Growth and Major Challenges. *Acta Universitatis Danubius. Economica*, 6(1), 54-67.
- Glasson, J. (1995). *Towards visitor impact management: Visitor impacts, carrying capacity and management responses in Europe's historic towns and cities*. Aldershot: Avebury.

- Hagstofa Íslands. (2017a). *Mannfjöldi í einstökum byggðarkjörnum og strjábýli eftir landsvæðum ár hvert 1889-1990*. Sótt 9. júlí, 2017 á [http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Ibuar/Ibuar\\_\\_mannfjoldi\\_\\_2\\_byggdir\\_\\_Byggdakjarnareldra/MAN00104.px/table/tableViewLayout1/?rxid=cf42ea96-408a-479c-a9ba-310e04bdded7](http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Ibuar/Ibuar__mannfjoldi__2_byggdir__Byggdakjarnareldra/MAN00104.px/table/tableViewLayout1/?rxid=cf42ea96-408a-479c-a9ba-310e04bdded7))
- Hagstofa Íslands. (2017b). *Mannfjöldi eftir byggðarkjörnum, kyni, aldri og sveitarfélögum 1998-2017 – Sveitarfélagaskipan hvers árs*. Sótt 9. júlí, 2017 á [http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Ibuar/Ibuar\\_\\_mannfjoldi\\_\\_2\\_byggdir\\_\\_sveitarfelog/MAN02001.px/](http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Ibuar/Ibuar__mannfjoldi__2_byggdir__sveitarfelog/MAN02001.px/)
- Hall, C. M. (2005). *Tourism: Rethinking the social science of mobility*. Edinburgh: Pearson Education.
- Hall, C. M. og Page, S. J. (2014). *The geography of tourism and recreation: Environment, place and space*. Oxon: Routledge.
- Kristján Róbertsson. (1995). *Byggðarsaga Seyðisfjarðar* (1. bindi). Seyðisfjörður: Seyðisfjarðarbær.
- Mathieson, A. og Wall, G. (1982). *Tourism, economic, physical and social impacts*. Essex: Longman Group Limited.
- McKercher, B. og Fu, C. (2006). Living on the edge. *Annals of Tourism Research*, 33(2), 508-524.
- Müller, D. K., & Jansson, B. (2006). (ritstjórar). *Tourism in peripheries: perspectives from the far north and south*. Wallingford: Cabi.
- Nash, R. og Martin, A. (2003). Tourism in peripheral areas: The challenges for Northeast Scotland. *International Journal of Tourism Research*, 5(3), 161-181.
- Popescu, A. C. (2014). Tourism Development in a Rural Periphery. Case Study: the Sub-Carpathians of Oltenia. *Journal of Settlements and Spatial Planning*, (3), 53-64.
- Prideaux, B. (2002). Building visitor attractions in peripheral areas: Can uniqueness overcome isolation to produce viability?. *International Journal of Tourism Research*, 4(5), 379-389.
- Seyðisfjarðarkaupstaður. (2017a). *Ferðaðjónusta*. Sótt 10. júlí, 2017 á <http://www.sfk.is/is/thjonusta/ferdathjonusta>.
- Seyðisfjarðarkaupstaður. (2017b). *Hagavöllur, Golfvöllur*. Sótt 10. júlí, 2017 á <http://www.sfk.is/is/thjonusta/ithrottir/golfvollur>.
- Seyðisfjarðarkaupstaður. (2017c). *Skíðasvæði*. Sótt 10. júlí, 2017 á <http://www.sfk.is/is/thjonusta/ithrottir/skidasvaedi>.
- Seyðisfjarðarkaupstaður. (2017d). *Skafffell*. Sótt 11. júlí, 2017 á <http://www.sfk.is/is/mannlif/menning-og-listir/skafffell>.



- Seyðisfjordurport. (2017). *Cruise ships arrivals*. Sótt 31. ágúst, 2017 á <http://seydisfjordurport.is/cruise-ships/>.
- Sharpley, R. (2014). Host perceptions of tourism: A review of the research. *Tourism Management*, 42, 37-49.
- Smith, M.B., Bruner, J. S., og White, R. W. (1956). *Opinions and personality*. New York: Wiley.
- Taylor, S. J., Bogdan, R. og DeVault, M. (2015). *Introduction to qualitative research methods: A guidebook and resource*. Canada: John Wiley & Sons.
- Vegagerðin. (á.á.). *Tafla yfir ýmsar leiðir*. Sótt 9. júlí, 2017 á <http://www.vegagerdin.is/vegakerfid/vegallengdir/tafla-yfir-ymsar-leidir/>.
- Visitseyðisfjörður. (2017a). *Að gista*. Sótt 11. júlí, 2017 á <http://www.visitseydisfjordur.com/is/ad-gista/>.
- Visitseyðisfjörður. (2017b). *Tækniminjasafn Austurlands*. Sótt 11. júlí, 2017 á <http://www.visitseydisfjordur.com/is/project/taeknininjasafn-austurlands/>.
- Visitseyðisfjörður. (2017c). *Bæjarhátíðir*. Sótt 11. júlí, 2017 á <http://www.sfk.is/is/mannlif/menning-og-listir/skaftfell>.
- Visitseyðisfjörður. (2017d). *Lunga*. Sótt 11. júlí, 2017 á <http://www.visitseydisfjordur.com/is/project/lunga-listahatid-ungs-folks/>.
- Visitseyðisfjörður. (2017e). *Að borða & versla*. Sótt 11. júlí, 2017 á <http://www.visitseydisfjordur.com/is/ad-borda-og-versla/>.
- Wang, Y. Pfister, R. E., og Morais, D. B. (2006). Residents' attitudes toward tourism development: a case study of Washington, NC. In *Proceedings of the Northeastern Recreation Research Symposium*, 411-418.
- Wanhill, S. og Buhalis, D. (1999). Introduction: challenges for tourism in peripheral areas. *The International Journal of Tourism Research*, 1(5), 295-297.
- Williams, J. og Lawson, R. (2001). Community issues and resident opinions of tourism. *Annals of tourism research*, 28(2), 269-29.



# Viðauki 1

## Viðtalsrammi

Nafn:

Starf:

Tenging við ferðapjónustuna á staðnum:

Áður en viðtalið hefst eru einhverjar spurningar sem þú vilt spyrja?

Hver eru þín persónulegu tengsl við ferðapjónustuna, ef það eru einhver?

Hversu lengi hefur þú haft búsetu á staðnum?- Hvert er aðdráttaraflíð þitt að staðnum(vinna og/eða fjölskylda)?

Hvernig upplifur þú ferðamenskuna í bænum?

Telur þú að það séu mikil samskipti milli heimamanna og ferðamanna sem koma í bæinn?

Telur þú að ferðapjónusta sé mikilvæg fyrir bæinn, að hvaða leyti?

Telur þú að ferðamenn hafi góð eða slæm áhrif á heimamenn?

Hver eru þín viðhorf gagnvart ferðamönnum í bænum, eru þau góð eða slæm, talar þú mikið við þá?

Hvaða áhrif hafa ferðamenn á þitt daglega líf, ef einhver?

Hefur þú tekið eftir fjölgun eða fækkun ferðamanna í bænum, hver eru þín viðhorf til þess?

Hver telur þú áhrif ferðapjónustunnar vera á bæinn?

Hvað telur þú helsta aðdráttarafl fyrir bæinn vera?

Hverjir eru kostir og gallar ferðapjónustunnar í bænum að þínu mati?

Hver er framtíðarsýn þín á ferðapjónustu á staðnum, heldur þú að það muni hafa meiri eða minni áhrif á bæinn og heimamenn í framtíðinni?

a) Áhrif ef ferðamenn hverfa af svæðinu.

b) Áhrif ef ferðamönnum fjölgar á svæðinu.